

Nd.

182. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður svonefnt oliugjald, sem nemur 1% á söluskattsstofn og varið hefur verið til þess að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Lagt er til að gjald þetta renni framvegis í ríkissjóð og teljist hér eftir sem fastur tekjustofn ríkisins.

Í greinargerð frv. er talið, að gjald þetta muni nema um 1 600 millj. kr. á næsta ári, og við það miðað, að 600 millj. af því verði áfram varið til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði, en að 1 000 millj. kr. renni í Orkusjóð.

Ég er andvígur þessu frumvarpi og liggja til þess ýmsar ástæður.

Fyrst er þess að geta, að umrætt oliugjald — 1% af söluskattsstofni — var lagt á til þess að aðstoða það fólk, sem ekki átti annan kost en að hita upp íbúðir sínar með oliukyndingu þrátt fyrir gifurlega hækkun á oliuverði.

Gjald þetta átti aldrei að verða neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð. Því átti að verja öllu til þess að draga úr áhrifum hinnar miklu verðhækkunar á olíu við upphitun íbúðarhúsnæðis þeirra landsmanna, sem ekki áttu kost á hitaveitum eða hagkvæmri rafhitun. Í byrjun var gjaldinu varið eftir þessari reglu, og þá kom engum í hug að ráðstafa gjaldinu á annan veg. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum varð breyting á framkvæmdinni. Það var strax farið að klípa af gjaldinu og draga hlutfallslega úr greiðslum til þeirra, sem gjaldið áttu að fá, en verja því til orkumála. Og enn heldur ríkisstjórnin áfram á sömu braut, og nú er lagt til að ríkissjóður hirði þennan tekjustofn, en greiði að vísu áfram nokkurn oliustyrk.

Samkvæmt nýjum upplýsingum má áætla að gjaldstofn þessi gefi um 1 700 millj. kr. á næsta ári. Talið er líklegt að á miðju næsta ári geti um 127 000 landsmanna búið við upphitun húsa frá jarðvarma, um 23 000 frá rafhitun og um 70 000 verði að búa við oliuupphitun.

Oliugjaldið — 1% á söluskattsstofn — greiða allir landsmenn jafnt. Samkvæmt því má áætla að þeir, sem verða að kaupa olíu til kyndingar húsa sinna, greiði um 32% af oliugjaldinu eða um 550 millj. kr. Eins og áður segir er gert ráð fyrir því í greinargerð frv. að 600 millj. kr. renni til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði þeirra sem hita hús sín með olíu eða rétt rúmlega það sem sömu aðilar greiða í oliugjaldið. Hér er því orðið um hreina sýndarmennsku að ræða. Oliugjaldið er ekki lengur lagt á til þess að aðstoða þá sem kaupa verða rándýra olíu, heldur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Ég legg því til að frv. þetta verði fellt, en jafnframt staðið að greiðslum til þeirra, sem enn verða að nota olíu til þess að hita upp hús sín, á þann hátt sem upphaflega var lofað.

Alþingi, 13. des. 1976.

Lúðvík Jósepsson.